



Reykjavík 4. febrúar 2019

Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Umsögn KFUM og KFUK um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs.
149. löggjafarþing, þingskjal 558 – 417.**

KFUM og KFUK á Íslandi fagnar frumvarpi til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs.

Í meira en áratug hafa KFUM og KFUK starfað samkvæmt metnaðarfullri öryggis- og gæðastefnu með sérstaka áherslu á ábyrgð og skyldur leiðtoga í samskiptum við iðkendur og á góð samskipti iðkenda sín á milli. Hluti af þeirri stefnu er að hjá okkur starfar enginn, hvorki launaður né sjálfboðaliði, án þess að sækja *Verndum þau – námskeiðin*, eða án þess að gefa okkar heimild til að kanna sakavottorð sitt.

Þessi stefna KFUM og KFUK á fullan samhljóm með þeim áherslum sem koma fram í frumvarpinu. Því lítum við svo á að með því séu stjórnvöld að sýna starfi okkar og stefnu ákveðna viðurkenningu, en fyrst og fremst vilja til að styðja okkur, sem og önnur æskulýðsfélög, enn frekar á þessari mikilvægu vegferð.

Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK vill benda á að samkvæmt frumvarpinu á starf samskiptaráðgjafa fulla samleið með starfi Æskulýðsvettvangsins.

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur okkar í KFUM og KFUK, Skátanna, UMFÍ og Landsbjargar. Á þessum vettvangi höfum við fóstorað *Verndum þau – námskeiðin*, gefið út sameiginlegar siðareglur og unnið viðbragðsáætlanir. Við höfum skapað ferla til að tilkynna einelti eða kynferðislega áreitni eða misnotkun og haldið úti hlutlausu fagráði til að vinna úr slíkum málum sem upp koma. Á þessum góða samráðsvettvangi höfum við einnig gefið út kynningarefni bæði um einelti og kynferðisbrot og hvernig þolendur geta leitað aðstoðar og komið málum sínum í farveg. Þá höfum við gefið út sameiginlega viðbragðsáætlun í veglegu hefti, sem við í flestum tilfellum nýtum beint, en í öðrum tilfellum aðlögum enn frekar að viðkomandi starfseiningum.

Æskulýðsvettvangurinn er hlutlaus vettvangur, stendur utan við félagspólitik og hefur reynst þessum fjórum hreyfingum afar vel. Þá hafa fjölmargir aðrir aðilar notið þeirra námskeiða, verkefna og vinnu sem unnin hefur verið í nafni vettvangsins. Það er helst fjárskortur sem hefur takmarkað vettvanginn til að teygja sig enn frekar til fleiri íþróttá- og æskulýðssamtaka.

Verkefni samskiptaráðgjafans

Eins og frumvarpið kveður á um, þá eru þau verkefni sem falin eru samskiptaráðgjafa að framkvæma mikið til þau sömu og unnin hafa verið í Æskulýðsvettvanginum. Því mælum við eindregið með því að viðkomandi starfsmaður verði staðsettur hjá Æskulýðsvettvanginum, svo hann hafi sem best aðgengi að allri þeirri vinnu sem þegar er búið að gera í þessum efnum og geti nýtt hana sem grunn að sínum verkefnum. Með því móti má ætla að sem mest fái út úr starfi hans. Á móti greiðum við í KFUM og KFUK því atkvæði okkar að útvíkka hlutverk Æskulýðsvettvangsins svo samskiptaráðgjafinn geti nýtt hann sem umgjörð, vettvang eða farveg til að sinna öllu íþrótt- og æskulýðsstarfi sem hann hefur skyldur til.

Virðingarfyllt,



Tómas Torfason,
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi

Netfang: tomas@kfum.is

Beinn sími: 896 3199